



Ásigling

Mál nr: **2025-012-S-005 Eldey**

Dagsetning: **9. mars 2025**

Staðsetning: **Reykjavíkurhöfn**

Atvik: **Ásigling**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Þann 9. febrúar 2025 var hvalaskoðunarskipið Eldey að leggjast utan á bryggjuskipið Fífil við Ægisgarð í Reykjavíkurböfn. Skipinu var siglt harkalega á hafnarkantinn og utan í Fífil og Bylgju VE 75 sem lá bundið við bryggjuna. Nokkrar skemmdir urðu á Eldey en smávægilegar á mannvirki og hinum skipunum. Veður SV 5 m/s.

1. Helstu staðreyndir

Eldey

Skipaskrár nr. 2910

Útgerð: Elding Hvalaskoðun Reykjavík ehf.

Smíðaður: Noregi, 1971

Stærð: 299 BT

Mesta lengd: 34,1 m

Breidd: 7,5 m

Vél: 2X SCANIA 332 kW 1999/2001

Fjöldi skipverja: 4

Fjöldi farþega: 70



2. Atvikalýsing

Á hádegi þann 9. febrúar 2025 var hvalaskoðunarskipið Eldey að leggjast að bryggjuskipinu Fífil við Ægisgarð í Reykjavíkurböfn. Þegar skipstjóri ætlaði að minnka ferð gerðist ekkert og beitti hann þá hliðarskrúfu til að forða ásiglingu en rakst þá utan í Bylgju. Skipstjórinn fór út á höfnina til að prófa skurðinn á skrúfunum en skipið er búið tveimur skrúfum og virtist allt virka eðlilega. Hugðist skipstjórinn fara hægar upp að Fífil en þegar hann ætlaði að beita stjórnborðsskrúfu í afturábak en þá svaraði hún ekki þeirri skipun heldur jók ferð áfram. Skipið fór þá á milli Fífils og Bylgju og lenti á bryggjukantinum auk þess að fara utan í kinnung Fífils og strjúkast við Bylgju. Talsverðar skemmdir urðu á Eldey (myndir 3-6). Engin slys urðu á fólki um borð við ásiglinguna. Útgerðin er með virkt gæðakerfi, framkvæmt er áhættumat fyrir verkþætti og allar æfingar eru skráðar samviskusamlega í skipsdagbók.



Mynd 1



Mynd 2



Mynd 3



Mynd 4

Myndir af skemmdum þegar
skipið kom að bryggju í fyrra
skiptið.



Mynd 5

Brotinn gluggi




Mynd 6

Beygla

3. Greining

Eftir fyrra skiptið prófaði skipstjóri Eldeyjar skrúfubúnaðinn, hann prófaði hins vegar ekki að setja ferð afturábak þ.e. hann setti skrúfurnar í hlutlaust en setti hvoruga skrúfunu í afturábak. Hann fylgdist jafnframt ekki með mælum í borði sem sýna skurð skrúfanna (mynd 7).



Mynd 7

Eftir atvikið var búnaður skipsins yfirfarinn og þá kom í ljós að tölvubretti hafði bilað (relay). Skipt var um brettið og virkaði stjórnúnaður skipsins þá eðlilega.

4. Niðurstöður

Ástæða ásiglingarinnar má rekja til óvæntrar bilunar í stjórnúnaði stjórnborðs skrúfu.

5. Mikilvægar ábendingar

Eftir bilanir á stjórnúnaði skipa ætti að gera allar nauðsynlegar prófanir á búnaði s.s. að athuga hvort skrúfur virka eðlilega afturábak og áfram auk þess að prófa stýrisúnað og hliðarskrúfur.

Lokaskýrsla samþykkt 19. maí 2025 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Hilmari Snorrasyni, Guðmundi Frey Úlfarssyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni.

